



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Maí og júní 2019



Komið þið sæl og gleðilegt sumar!

Þá líður að lokum skólaársins 2019—2020. Vikurnar hafa flogið hjá og hefur góða veðrið verið mikil mildi. Þessar síðustu vikur verða um margt einkennilegar hér hjá okkur í Glerárskóla vegna framkvæmda á B-álmu og íþróttahúsi. Við munum leitast við að nýta skólalóðina og útiveru til að létta á kennslu innan dyra enda nemendur í hverju horni ef svo má segja. Það er því gott hvað skólalóðin okkar og nærumhverfið er fjölbreytt og gott.

Við viljum minna forráðamenn á að ræða við nemendur um þolinmæði og umburðarlyndi nú þegar framkvæmdir eru í skólanum sem gera það að verkum að þröngt er um okkur.

Um miðjan maí fara nemendur í 10. bekk í árlegt skólaferðalag. Þau munum njóta Skagafjarðar en án efa verður hvað skemmtilegast að vera saman og skapa skemmtilegar minningar.

Við munum slíta skólanum í byrjun júní (sjá síðar) en þangað til viljum við þakka samstarfið á skólaárinu, því skólastarfið er öflugt ef samstarf foreldra og skóla er gott. Það á svo sannanlega við um Glerárskóla og fyrir það erum við þakklát.

Vonum að allir njóti sumarsins og hlökkum til að hefja starfið aftur í ágúst.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,


Eyrúnu, Helgu og Tómasi Lárusi

Veðurfar og fatnaður

Aldrei er góð vísa of oft kveðin og það á svo sannanlega við um fatnað í skólanum. Við minnum á að miklu skiptir að nemendur mæti með rétta klæðnaðinn til að vera útivið nú í maímánuði. Eins og áður hefur komið fram verðum við mikið úti og mikið af íþróttatímum fara fram utanhúss.

Verum því vakandi yfir klæðnaði nemenda og munum að í rigningu er best að vera í stígvélum svo sokkar og tær blotni ekki. Ekki er verra ef aukasokkar eru í töskunni.

Við bendum einnig á að mikið er af óskilamunum í skólanum sem vert er að kíkja á við tækifæri.



3. maí 2019

8. tbl. 8. árg

Til umhugsunar:

- Umburðarlyndi
- Þolinmæði
- Verum glöð og hjálpumst að

Efnisyfirlit:

Maí og júní 2019	1
Veðurfar og fatnaður	1
Farartæki á hjólum	2
Myndataka 10.b.	2
Skólaslit 2019	2
Vorfundur 1.b.	2
Íþróttamót UFA	3
Helstu viðburðir	3
Vorhátíð	4
Skólabyrjun	4
Myndir augnabliksins	4

Reglur um farartæki á hjólum

Við brýnum fyrir forráðamönnum að **allir** nemendur í grunnskóla **eiga að nota hjálma** á öllum farartækjum á hjólum. Þá er átt við reiðhjól, hlaupahjól, hjólaskauta og hjólabretti auk rafknúinna farartækja svo eitthvað sé nefnt.

Við biðjum því forráðamenn að senda ekki nemendur í skólann á farartækjum á hjólum nema með hjálma. Þó nemendur komi á hjólum af ýmsum gerðum í skólann er ekki leyfilegt að vera á þeim á skólatíma utan við hjólavöll sem staddur er norðan við skólann. Þangað skulu nemendur leiða hjólin á skólatíma.

Nú í maí gæti farið svo að við nýtum okkur þessi farartæki til útiveru á skólatíma og þá er bráðnauðsynlegt að allir hafi hjálma því annars getur viðkomandi nemendi ekki tekið þátt.

Frá og með 1. maí er öllum nemendum (líka 1. bekkungum) leyfilegt að koma í skólann á hjólum en við bendum forráðamönnum á að nemendur yngri en 7. ára eiga ekki að hjóla einsömul úti í umferðinni á götum bæjarins.

10. bekkur—myndataka

Nú líður að því að nemendur í 10. bekk ljúki skólagögnu sinni í grunnskóla. Af því tilefni verður boðið upp á myndatöku fyrir nemendur, en það er Páll Pálsson ljósmyndari sem sér um hana.

Skólamyndataka í 10. bekk 2019 fer fram föstudaginn 10. maí kl. 8:15.

Skólaslit Glerárskóla 2019

Skólaslit Glerárskóla vorið 2019 verða þriðjudaginn 4. júní n.k. Þann dag er engin önnur kennsla en skólaslitin og eftir að þeim lýkur er skóla lokið skólaárið 2018-2019. Frístund er opin frá kl. 8:00—9:00 þennan dag en þar með lýkur opnun Frístundar allt þar til í ágúst. Skipulagið verður eftirfarandi (með fyrirvara um breytingar):

1.– 4. bekkur kl. 9:00

Nemendur mæta í umsjónarstofur kl. 9:00 og koma þaðan með umsjónarkennara í íþróttasal/matsal/út eða þangað sem fram fara formleg skólaslit á starfi vetrarins. Eftir slitin fara nemendur með umsjónarkennara í stofur þar sem fram fer kveðjustund og afhending námsmats. Skólaslitum verður lokið kl. 10:00.

5.– 7. bekkur kl. 10:00

Nemendur mæta í umsjónarstofur kl. 10:00 og koma þaðan með umsjónarkennara í íþróttasal/matsal/út eða þangað sem fram fara formleg skólaslit á starfi vetrarins. Eftir slitin fara nemendur með umsjónarkennara í stofur þar sem fram fer kveðjustund og afhending námsmats. Skólaslitum verður lokið kl. 11:00.

8. - 10. bekkur kl. 16:30 í Gleráarkirkju

Hátíðarstund sem hefst stundvíslega kl. 16:30 þar sem allir mæta spariklæddir. Nemendur 8. og 9. bekkjar fá afhent námsmat og 10. bekkingar verða útskrifaðir formlega.

Vorfundur með tilvonandi 1. bekklingum

Þriðjudaginn 21. maí n.k. kl. 15:00—16:00 verður haldinn fundur fyrir tilvonandi 1. bekklinga í Glerárskóla og forráðamenn þeirra. Nemendur fá að skoða skólann og hitta kennara á meðan forráðamenn fá hagnýtar upplýsingar um skólagönguna. Nánari upplýsingar verða sendar til forráðamanna þegar nær dregur.

Íþróttamót UFA

Dagana 14. –17. maí verður haldið íþróttamót UFA á Akureyri. Nemendur í 4.-7. bekk taka þátt í mótinu og hefst keppnin alla dagana kl. 9:00. Skipulagið verður eftirfarandi:

4. bekkur: Þriðjudaginn 14. maí kl. 9:00

5. bekkur: Miðvikudaginn 15. maí kl. 9:00

6. bekkur: Fimmtudaginn 16. maí kl. 9:00

7. bekkur: Föstudaginn 17. maí kl. 9:00

Nánari upplýsingar má fá hjá íþróttakennurum. Óskum nemendum góðs gengis!

„Vex börnum vít sem vetur fjölga.“

Ísl. málsháttur

Helstu viðburðir í maí og júní 2019

Mánudagur 6. maí:	8. bekkur—Kynning um tryggingamál
Föstudagur 10. maí:	Nemendur 1. bekk og leikskólans verða í útinámi í Kvenfélagsgarðinum
Mánudagur 13. maí:	10. bekkur—Kynning um stéttarfélagsmál frá Einingu—Iðju
Mánudagur 20 maí:	Skipulagsdagur—nemendur í fríi
Föstudagur 31. maí:	Vettvangsdagur—útinám
Mánudagur 3. júní:	Vettvangsdagur—útinám
Þriðjudagur 4. júní:	Skólaslit
	1.—4. bekkur kl. 9:00
	5.—7. bekkur kl. 10:00
	8. –10. bekkur kl. 16:30 í Gleráirkirkju

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is

Facebook: Glerárskóli



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Vorhátíð 2019

Miðvikudaginn 29. maí 2019 verður sameiginleg vorhátíð Glerárskóla og Foreldrafélags Glerárskóla. Hátíðin hefst þann dag kl. 11:45 og stendur til kl. 13:15. Skóla lýkur þennan dag hjá öllum nemendum kl. 13:15 eða þegar búið er að ganga frá eftir hátíðina. Foreldrafélga Glerárskóla hefur umsjón með vorhátíðinni en starfsfólk og nemendur skólans aðstoðar eftir þörfum.

Saman ætlum við að gleðjast og skemmta okkur með því að halda hátíð, snæða pylsur og njóta vorsins. Við hvetjum alla forráðamenn sem mögulega sjá sér fært að kíkja á okkur, koma og gleðjast með nemendum og starfsfólki.

Skóladagatal 2019-2020

Skóladagatal skólaársins 2019—2020 er komið á heimasíðu skólans.

Skólabyrjun Glerárskóla 2019—2020

Um leið og við þökkum fyrir liðið skólaár og óskum öllum gleði og gæfu í sumar minnum við á að nýtt skólaár, 2019—2020, hefst fimmtudaginn 22. ágúst 2019.

Að öllu óbreyttu verður skipulagið samkvæmt eftirfarandi en póstur verður sendur til allra í ágúst n.k.

2.—7. bekkur mætir kl. 9:00 í íþróttasal skólans. Skóladegi lýkur kl. 10:00.

8.—10. bekkur mætir kl. 10:00 á íþróttasal skólans. Skóladegi lýkur kl. 11:00.

Nemendur í 1. bekk verða boðaðir sérstaklega í viðtal hjá umsjónarkennurum á haustdögum. Auglýsing kemur á heimasíðu skólans og verður send í tölvupósti.

Myndir augnabliksins!

Árshátíð Glerárskóla 2019—Lína langsokkur í syngjandi sveiflu

